

Viðmið um samskipti foreldra og kennara í Fossvogsskóla

Skóla- og frístundasvið setur grunnskólunum að gera verklagsreglur um samskipti foreldra og kennara.

Viðmið um samskipti foreldra og kennara í Fossvogsskóla eru í samræmi við viðmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um samskiptamáta milli heimila og skóla. Viðmiðin voru gerð haustið

2017. Haft var samráð við foreldrafélagið og viðmiðin samþykkt í skólaráði.

Tölvupóstur

- Samskipti í gegnum tölvupóst og síma er aðalsamskiptamáti kennara við foreldra.
- Kennarar opna tölvupósta a.m.k. einu sinni á dag, staðfesta móttöku á erindi foreldra og leitast við að svara fyrirspurnum sem fyrst.
- Gert er ráð fyrir að tölvupóstum sé svarað á hefðbundnum vinnutíma.
- Ætlast er til að tölvupóstar séu eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.
- Viðkvæm mál skal fjalla um með öðrum hætti en í tölvupósti.

Facebook og aðrir samskiptamiðlar

- Kennarar stofna ekki sérstakan facebookhóp fyrir foreldra barna í umsjón, heldur senda tölvupóst með upplýsingum eða hafa samband símleiðis.
- Ekki er ætlast til að kennarar tengist facebooksíðum árganga.
- Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á facebook.
- Foreldrar þurfa að láta skólann vita ef óheimilt er að birta myndir af börnum þeirra á vefsíðum skólans eða öðru útgefnu efni á vegum skólans.

Sími/tilkynningar forfalla

- Foreldrar hafi samband við ritara ef þeir þurfa að ná í kennara. Ritari kemur skilaboðum áleiðis til kennara sem hefur samband síðar. Foreldrar geta aðeins haft símasamband við kennara meðan á kennslu stendur ef brýna nauðsyn ber til.
- EF foreldrar þurfa að ná í börn sín á skólatíma, þarf að hafa samband við ritara, sem sér um að koma sambandi á eða upplýsingum til nemanda. Börnum er óheimilt að nota síma sína á skólatíma og því ekki gert ráð fyrir að foreldrar hringi beint í börn sín þó þau séu með síma í töskunni.
- Foreldrar tilkynni veikindi daglega til ritara skólans. Slíkar tilkynningar eiga að berast áður en skóli hefst á morgnana.

Heimsóknir foreldra í skólastofur

- Foreldrar eru hvattir til að kynna sér daglegt starf barna sinna í skólanum og skulu heimsóknir í skólastofur ávallt vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara. Því þarf að hafa samband við kennara ef foreldrar hafa áhuga á að koma í kennslustundir.

Upplýsingar frá skólanum til foreldra

- Upplýsingafundur er haldinn að hausti þar sem umsjónarkennarar hitta foreldra, kynna áætlun vetrarins og ýmislegt sem snertir skólagöngu nemenda.
- Á heimasíðu skólans er að finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið.
- Umsjónarkennari upplýsir foreldra reglulega, vikulega/á tveggja vikna fresti, um starfið í umsjónarbeknum með tölvupósti eða fréttatilkynningum í Mentor.
- Einn foreldradagur er á haustönn þar sem foreldrar og nemendur hitta kennara og fara yfir ýmis mál. Í upphafi vorannar er fundur þar sem farið er yfir mat á námi nemenda.

Árgangasíður á facebook

Þeim tilmælum er beint til þeirra sem stjórna aðgangi á fb-síður árganga að setja neðangreindan texta

inn á þær. Textinn varðar tilgang árgangasíðna og með skilaboðunum er reynt að stuðla að vandaðri umræðu þar sem nærgætni í garð nemenda, foreldra og starfsmanna skólans er í hávegum höfð. Tilkynning á árgangasíður/ heimasíðu foreldrafélagsins: Tilgangurinn með þessari árgangasíðu er m.a. að efla samstarf milli foreldra varðandi börn sín og birta upplýsingar frá bekkjarfulltrúum og foreldrafélaginu um félagsstarf nemenda. Aldrei skal hér fjalla um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, foreldra né starfsmanna skólans.